

Nd.

534. Frumvarp

til laga um byggingu fyrir Háskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á árunum 1934—1940 er landsstjórninni heimilt að láta reisa byggingu fyrir Háskóla Íslands. Höfuðbyggingin má kosta allt að 600 þúsundum króna, og skal verkið framkvæmt eftir því, sem fé er veitt í fjárlögum. Skal svo hagað byggingunni, að taka megi nokkurn hluta hússins til afnota fyrir háskólann, þótt byggingin sé ekki fullger.

2. gr.

Skilyrði fyrir því, að rikissjóður leggi fram fé til háskólabyggingar samkvæmt 1. gr., er það, að samkomulag náist við bæjarstjórn Reykjavíkur um, að Reykjavíkurbær gefi háskólanum til kvaðalausrar eignar 8—10 hektara af landi á þeim stað, sem kennslumálaráðherra og háskólaráði þykir hentugt

3. gr.

Landsstjórninni heimilast að ætla húsrúm fyrir kennslu í uppeldisvísindum í væntanlegri háskólabyggingu, og að ætla svæði undir heilmavistarhús fyrir kennaraefni á þeim hluta lóðarinnar, sem ætlaður verður fyrir sjálfstæðar smábyggingar.

Leita skal samninga við bæjarstjórn Reykjavíkur um vatn úr hitaveitu hæjarins, til þess að hita höfuðbygginguna og væntanlegan stúdentabústað.